1905360 27/5/19




Afstöðumynd 1:500

**Byggingarlýsing:**

**Núverandi hús:**
Húsið er hannað af Ólafi Ingimundarsyni og byggt 1982. Á lóðinni er stakstæður bílskúr sem var byggður samtímis.
Botnplata hússins er staðsteypt og burðarvirki útveggja og þaks er úr timbri. Húsið er klætt með hvítmáluðu timbri og einangrað með steinull milli stoða. Þakið er bárujárnsklætt mænisþak.
Búið er að reisa létta kalda geymslu milli bílskúrs og íbúðarhúss ásamt kaldri sorpgeymslu norðan megin við bílskúr.

**Fyrirhugaðar breytingar:**
Sótt er um leyfi til stækkunar á húsinu og breytingu á innra fyrirkomulagi. Stækkun verður aftanvið núverandi bílskúr og tengibygging á milli bílskúrs og hússins. Þá verður breytt notkun á bílskúr svo að úr verður vinnustofa. Nýtt þak verður byggt yfir vinnustofuna og mun það taka mið af núverandi þakformum.
Viðbyggingin er einlyft timburhús. Sökkull og botnplata viðbygginga er staðsteypt járnbent steinsteypa. Botnplata er einangruð að neðanverðu með 100mm plasteinangrun, en 75mm steinullareinangrun utan á sökkla. Gólfhitalögn er lögð í flögn ofan á steypta plötu. Veggjagrindur eru byggðar úr 45x145 grindarefni með 60cm millibili, klæddar að utan með 12mm vatnslímdum krossvið og klætt af með hvítmáluðu timbri eins og núverandi hús. Útveggir eru almennt byggðir af timburstoðum og eða stálsúlum og einangraðir með 150mm steinullareinangrun. Kverksperrur í þaki eru úr límtré en almennar sperrur úr 45x245 eða límtré með 60cm millibili .Þakið er sperruþak sem er loftað er á hefðbundinn hátt. Þak er almennt byggt úr timbursperrum og stálbitum. Þakið er einangrað með 225mm steinullareinangrun milli þaksperra og klætt af með timburborðum og báruáli. Allt grindarefni útveggja og innveggja skal vera í styrktarflokki K24.Gluggar eru áltimbur-gluggar í gráum lit, eins og á íbúðarhúsi, með tvöföldu K-gleri.

**Brunavarnir:**
Brunaskil eru á milli vinnustofu og íbúðarhúss. Á uppdráttum er sýnd fyrirhugaðar rýmingarleiðir. Reykskynjarar eru í herbergjum og alrými. Slökkvitæki er í anddyri og eldvarnarteppi í eldhúsi.

Tvö bílastæði eru á lóð.

**Hámarks kólnunartölur einstakra byggingarhluta eru eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| Útveggir: | 0,4 $W/m^{2}°C$ |
| Þak: | 0,2 $W/m^{2}°C$ |
| Gólf á fyllingu: | 0,3 $W/m^{2}°C$ |
| Gluggar, vegið meðaltal karma og glers: | 2,5 $W/m^{2}°C$ |

**Stærðir fyrir breytingar:**

| | |
|---|---|
| Brúttó flatarmál: | 175,9 $m^2$ |
| Brúttó rúmmál: | 616,3 $m^3$ |
| Lóðastærð: | 783,0 $m^2$ |
| NH: | 0,24 |

**Stærðir eftir breytingar:**

| | |
|---|---|
| Brúttó flatarmál: | 218,4 $m^2$ |
| Brúttó rúmmál: | 710,9 $m^3$ |
| Lóðastærð: | 783,0 $m^2$ |
| NH: | 0,28 |

**Stærðir, mismunur:**

| | |
|---|---|
| Brúttó flatarmál: | 42,5 $m^2$ |
| Brúttó rúmmál: | 138,3 $m^3$ |

Samþykkt þann
29. maí 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Upprunalegur hönnuður: Ólafur Ingimundarson

## Fyrirvari

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum.

Öll mál skal athuga á staðnum áður en smíði hefst. Misræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Teikning skal lesin með viðeigandi gögnum, verklýsingum og teikningum annarra hönnuða.

| Útgáfa | Breyting | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|---|
| A | Gluggi á V. hlið fjarlægður, nýr þakgluggi | 21.05.19 | ÁSS | JDÁ |

28.05.2019
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

**Hrauntunga 20**
Stgr. 1400-1-43100200 | Landeignanr. L121027

| | |
|---|---|
| Stækkun og breytingar á íbúðarhúsi | 098 |
| Tegund verks | Verknr. |
| Aðaluppdrættir | 1:500 |
| Afstöðumynd | Mkv. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| A-100 | A | 1/6 | A2 |
| Raðnúmer | Útgáfa | Blað | Stærð |
| ÁSS | JDÁ | | 21.05.19 |
| Teiknað | Yfirfarið | | Útgáfa dags. |

# TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

Klapparstíg 16 | 101 Reykjavík | s: 519-2930 | www.tripoli.is | tripoli@tripoli.is

Jón Davíð Ásgeirsson

Andri G. L. Andrésson | Arkitekt ETH FAÍ | kt: 240182-3949 | andri@tripoli.is
Guðni Valberg | Arkitekt FAÍ | kt: 250880-5299 | gudni@tripoli.is
Jón Davíð Ásgeirsson | Arkitekt FAÍ | kt: 250280-5729 | jon@tripoli.is

©Trípólí Arkitektar